

Reglur

fyrir

starfskjaranefnd stjórnar Landsbréfa hf.

1. gr.

Tilgangur

Starfskjaranefnd stjórnar Landsbréfa hf. hefur það hlutverk að undirbúa og gera tillögur að ákvörðunum stjórnar Landsbréfa um almenna starfskjarastefnu félagsins og um starfskjör stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Sama gildir um meginreglur hvata- og/eða kaupaaaukerfa sem félagið kann að taka upp.

2. gr.

Verkefni

Meginhlutverk og skyldur nefndarinnar eru:

- að gera drög að starfskjarastefnu Landsbréfa í samræmi við kröfur laga um hlutafélög
- að endurskoða starfskjarastefnu árlega og gera tillögur að breytingum ef þurfa þykir
- að fylgjast með og gera tillögur um þróun kjara og mannauðsmála hjá Landsbréfum til langs tíma, t.d. að því er varðar jafnrétti til launa og kynjahlutföll
- að fylgjast með því að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög, reglur og starfskjarastefnu Landsbréfa
- að gæta þess að launa- og starfskjör skapi ekki sérstaka rekstraráhættu fyrir félagið

3. gr.

Nefndarmenn

Stjórn Landsbréfa skipar í nefndina og skulu sitja í henni þrjú menn, þar af a.m.k. tveir sem skulu óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Stjórn Landsbréfa ákveður hver skuli vera formaður nefndarinnar.

4. gr.

Vinnulag

Nefndin fundar eftir þörfum.

Nefndin getur kallað eftir öllum upplýsingum er varða kaup og kjör starfsmanna félagsins.

Auk nefndarmanna geta setið fundi gestir sem nefndin boðar til fundarins eftir þörfum til þess að veita upplýsingar og ráðgjöf er tengjast verksviði nefndarinnar.

Halda skal fundargerðir og bóka allar helstu ákvarðanir. Nefndin gerir stjórn Landsbréfa grein fyrir störfum sínum með munnlegri og/eða skriflegri skýrslu á stjórnarfundi.

Starfsreglur stjórnar Landsbréfa eiga við um fundi starfskjaranefndar eftir því sem við getur átt, þ.m.t um þagnarskyldu.

5. gr.

Þóknun

Stjórn Landsbréfa skal gera tillögu til aðalfundar um þóknun fyrir störf nefndarmanna.

6. gr.

Birting

Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu Landsbréfa.

Þannig samþykkt í stjórn Landsbréfa hf. þann 28. apríl 2016

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, stjórnarformaður

[sign]